

Tillaga til 458. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. júní 2020

Tillaga frá 1108. fundi bæjarráðs, sem fram fór 2. júní 2020, um að bæjarstjórn samþykki kaupsamning og afsal vegna eignarinnar Túngata 7, fnr. 212-6568, á Flateyri, og þjónustusamning milli Ísafjarðarbæjar og Björgunarsveitarinnar Sæbjargar á Flateyri, um hýsingu slökkvibifreiðar og annars búnaðar slökkviliðs, báðir dags. 27. maí 2020.

9. Slökkviliðsstöðin á Flateyri, sala og hýsing bifreiðar - 2020020027

Lagður fram til samþykktar kaupsamningur og afsal vegna eignarinnar Túngata 7, fnr. 212-6568, á Flateyri, og þjónustusamningur milli Ísafjarðarbæjar og Björgunarsveitarinnar Sæbjargar á Flateyri, um hýsingu slökkvibifreiðar og annars búnaðar slökkviliðs, báðir dags. 27. maí 2020.

Jafnframt lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jóndóttur, bæjarritara, dags. 29. maí 2020, vegna bókhaldslegra upplýsinga.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samningarnir verði samþykktir.